



**72. Fundur bæjarráðs Blönduósbaejar
fimmtudaginn 17. janúar 2013, kl. 15:00.**

Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:
 - a. Bs. um menningu og atvinnumál frá 19. desember 2012
 - b. b) Menningarráðs Norðurlands vestra frá 18. desember 2012
 - c. Stjórnar Markaðsstofu Norðurlands ses frá 19. desember 2012
 2. Samningur um námsver á Blönduósi
 3. Bréf frá Bs. um menningu og atvinnumál frá 20. desember 2012
 4. Gjaldskrá vatnsveitu fyrir vatnsgjald, notkunargjald og mælaleigu í Blönduósbæ
 5. Starfsmannastefna – Jóhanna G. Jónasdóttir verður með kynningu
 6. Önnur mál.
-

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir:
 - a. **Bs. um menningu og atvinnumál frá 19. desember 2012**
Lögð fram til kynningar.
 - b. **b) Menningarráðs Norðurlands vestra frá 18. desember 2012**
Lögð fram til kynningar
 - c. **Stjórnar Markaðsstofu Norðurlands ses frá 19. desember 2012**
Lögð fram til kynningar
2. **Samningur um námsver á Blönduósi**
Fyrir fundinn liggur samningur milli Þekkingarsetursins á Blönduósi og Farskólans-miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra. Samningurinn kveður á um það að Farskólinn leigir kennsluáðstöðu í Kvennaskólanum. Blönduósbær og Húnavatnshreppur standa straum af rekstri námsversins og fjarmenntabúnaðar.

Bæjarráð samþykkir samninginn fyrir sitt leyti.
3. **Bréf frá Bs. um menningu og atvinnumál frá 20. desember 2012**
Á fundi Bs. um menningu og atvinnumál var eftirfarandi bókað: „Samþykkt að leggja það til við sveitarfélögin í Austur-Húnavatnssýslu að málefni Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna að Reykjum verði á forræði Byggðasamlags um menningu og atvinnumál í stað einstakra sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu.“



Bæjarráð samþykkir þetta fyrirkomulag fyrir sitt leyti.

4. Gjaldskrá vatnsveitu fyrir vatnsgjald, notkunargjald og mælaleigu í Blönduósarbæ
Gjaldskráin kynnt og lögð fram til kynningar.

5. Starfsmannastefna – Jóhanna G. Jónasdóttir verður með kynningu

Jóhanna G. Jónasdóttir mætti á fundinn og gerði grein fyrir lokaverkefni sínu sem hún vann við Háskólann á Bifröst „Sterkari stjórnsýsla“. Efni verkefnisins var að skoða starfsmannastefnu Blönduósarbæjar sem samþykkt var í bæjarstjórn 1. febrúar 2005.

Bæjarráð þakkaði Jóhönnu G. fyrir kynninguna og góðar ábendingar.

6. Önnur mál.

a) Bréf frá Atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneytinu frá 17. janúar 2013

Engar gildar umsóknir um byggðakvóta byggðarlagsins hafa borist Fiskistofu innan tilskilsins frests. Ráðuneytið gefur því bæjarstjórn kost á að endurskoða áður auglýstar úthlutunarreglur með tilliti til aðstæðna og óskar eftir að bæjarstjórn skili nýjum tillögum að sérreglum í síðasta lagi 31. janúar n.k.

Bæjarráð tekur sér frest fram að næsta bæjarráðsfundi sem áætlaður er þann 24. janúar 2013 til að láta á það reyna til fullnustu hvort að fiskvinnslan fari aftur í gang á Blönduósi áður en nýjar útnhlutunarreglur verða samþykktar.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 18:05

*Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Kári Kárason (sign.)
Oddný María Gunnarsdóttir(sign.)*

Arnar Þór Sævarsson (sign.)